

Fundargerð 485

Föstudaginn 8. maí 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) stjórnarformaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Sigríður Jóhannesdóttir (SJ) og Unnar Hermannsson (UH). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs og Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði við lið 5. Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þorsteinsson.

Formaður setti fund kl. 13:00 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2020-2021 – til afgreiðslu
3. Lánamál – til afgreiðslu
4. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
5. Covid 19 – til umræðu og upplýsingar
6. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 484. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2020-2021 – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja drög að starfsáætlun stjórnar 2020-2021. Drögin voru yfirfarin og ýmsar ábendingar komu fram um tímasetningar funda næsta starfsár. Ákveðið var að færa nóvember fund fram um einn dag og halda hann 19. nóvember og desember fund fram til 3. desember. Fundur í október verði samþættur með Byggðamálaráðstefnunni sem haldinn verður í Mýrdal 13-14. október. Uppfærð áætlun verður send stjórnarmönnum fyrir næsta fund.

3. Lánamál – til afgreiðslu

...

4. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

Fundargerðir lánanefndar nr. 15-17/2020 voru lagðar fram.

5. COVID-19 - til upplýsinga

AÞ kynnti stöðuna og áhrif faraldursins á starfsemi stofnunarinnar. AME sagði frá afgreiðslu skuldbreytingabeidna vegna faraldursins. Sigurður Árnason kynnti vinnu við greiningu áhrifa faraldursins eftir svæðum og á tekjur sveitarfélaga.

Til máls tóku allir fundarmenn.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 22. maí nk. Stefnt er að því að halda hann á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:00.

Aðalsteinn Þorsteinsson fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____